



Stígagerð í botni Kópavogs

Framkvæmdaleyfi

Forsendur

Ferill málsins

Athugasemdir og umsagnir

Viðbrögð Kópavogsbæjar við athugasemdum

Niðurstaða

Kópavogi, 13. ágúst 2026



Forsendur

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 27. apríl 2026 var lögð fram framkvæmdaleyfisumsókn Betri samgangna dags. 17. apríl 2026 ásamt uppdráttum dags. 1. febrúar 2026 um stígagerð í botni Kópavogs.

Framkvæmdin felst í að útbúa aðskilda göngu- og hjólastíga frá stígamótum við undirgöng við Hafnarfjarðarveg við Kópavogstún að sveitarfélagamörkum við Garðabæ. Jafnframt verður sett upp ný brú fyrir gangandi ásamt gegnsæjum hljóðvegg og götulýsingu. Framkvæmdin er hluti af stofnhjólaleið höfuðborgarsvæðisins og hafa staðið yfir framkvæmdir við breikkun stígsins sitt hvoru megin við síðustu misseri. Nýr stígur er um 570 m langur. Óskað var frekari lýsingu á framkvæmd í texta og barst minnisblað dags 8. maí 2026, uppfært 13. ágúst 2026.

Aðalskipulag

Í gildandi Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040 er svæðið flokkað í landnotkunarflokkinn vegir, götur og stígar. En vegir, götur og helstu göngu- og hjólastígar eru jafnan skilgreind sem slík.

Megin markmið aðalskipulagsins varðandi grunnkerfi er að byggja upp gott, öflugt og öruggt þjónustukerfi sem tekur mið af sjálfbærri þróun. Að samgöngur verði öruggar og greiðfærar og leitað verði leiða til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum bifreiðanotkunar. Efla skal notkun vistvænni samgöngumáta og tryggja öryggi allra vegfarenda óháð ferðamáta. Hluti af markmiðum aðalskipulagsins varðandi göngu-, hjóla- og reiðstíga er að unnið verði áfram að uppbyggingu göngu- og hjólastígskerfis um bæjarlandið og það tengt við útivistarsvæðin.



Mynd 1. Hluti af þéttbýlisuppdrætti Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040.

Í Aðalskipulagi Kópavogs er stofnstíganet hjólreiða skilgreint, mynd 5-15 í greinargerð sjá mynd 2 hér fyrir neðan. Stofnstígar tengja saman sveitarfélög og hverfishluta en tengistígar tengja saman almenna stígakerfið og stofnstígakerfið. Meðfram strandlengju í botni Kópavogs er skilgreindur stofnstígur sem greinist í tvo stíga annars vegar yfir Kópavogsháls og hins vegar með fram Kársnesi. Stofnstígakerfið er hluti af samgöngusáttmála ríkis og sveitarfélaga. Stofnstígar eru alla jafna samgöngustígar í Kópavogi, þ.e. aðgreindir göngu og hjólastígar. Á svæðinu er ekki í gildi deiliskipulag.



Mynd 2. Sýnir stofnstíganet hjóltreða í Kópavogi.


Verndarsvæði

Svæðið vestan við núverandi göngu- og hjólastíg er hverfisverndað í Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040. Kópavogsbærinn, Hressingarhælið og túnið sunnan og austan við bæinn að Hafnarfjarðarvegi er hluti af svæðinu, HV-2. Í fornleifaskrá Kópavogs er svæðinu svo lýst: „Staðurinn býr yfir afar miklum upplýsingum sem ná frá nútíma allt aftur á landnámsöld. Ekki er mikið til ritað um staðinn og þeim mun mikilvægari eru þær heimildir sem geymdar eru undir sverðinum“

Þá er Kópavogurinn friðlýstur sem búsvæði og er hluti af stærra friðunarsvæði við Skerfjörð, FS-2 í Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040. Markmið með friðlýsingunni er að vernda lífríki við ströndina, í fjöru og grunnsævi, einkum og sér í lagi með tilliti til fugla.



Mynd 3. Skjáskot af vefsíðu Kópavogsbæjar, á myndinni er hverfisverndarsvæði rúðustrikað.



Mynd 4. Skjáskot af kortavefsjá Náttúrufræðistofnunar, bleiki liturinn táknar verndarsvæði Skerjafjarðar.

Ferill máls

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 27. apríl 2026 var lögð fram framkvæmdaleyfisumsókn Betri samgangna dags. 17. apríl 2026 ásamt uppdráttum dags. í febrúar 2026 um stígagerð í botni Kópavogs. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnastjóra.

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 1. júní 2026 var lög fram umsókn um framkvæmdaleyfi á grundvelli Aðalskipulags ásamt umsögn gatnadeildar dags. 27. maí 2026 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. júní 2026. Samþykkt var að grenndarkynna umsókn um framkvæmdaleyfi í samræmi við 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Engin íbúðarhús eru nærri framkvæmdarsvæði innan bæjarmarka Kópavogs, en framkvæmdarsvæðið liggur að sveitarfélagamörkum við Garðabæ og nærri íbúðabyggð við Súlunes. Umsóknin var grenndarkynnt fyrir lóðarhöfum við Súlunes 24, 25, 26, 27 og 33.

Betri samgöngur óskuðu eftir athugasemdum frá Minjastofnun þar sem kemur fram að gera þurfi varúðarráðstafanir á vettvangi á meðan á framkvæmdum stendur. Stofnunin leggur til að minjarnar verði girtar af með litríkum borðum þannig að stórvirkar vinnuvélar fari ekki utan í minjarnar. Þá þarf að halda jarðraski í algjöru lágmarki. Ef komið er niður á eitthvað óvænt þarf að hafa samband við Minjastofnun.

Sótt hefur verið um leyfi til Náttúruverndarstofnunar til framkvæmda innan friðlýsts svæðis og var það veitt að uppfylltum ákveðnum skilyrðum 18. júní 2026, sjá fylgiskjal 1.

Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun telur framkvæmdin ekki vera háða mati á umhverfisáhrifum skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Athugasemdir og ábendingar

Stígagerð í botni Kópavogs var kynnt á heimasíðu Kópavogs og á Skipulagsgáttinni undir málsnúmeri 708/2026. Kynningartími var 2. júní 2026 - 2. júlí 2026. Alls bárust ábendingar frá þremur aðilum.

Á kynningartíma bárust athugasemdir og ábendingar frá:

1. Náttúruverndarstofnun dags. 23. júní 2026
2. Útivistarsamtök Kársness dags. 2. júlí 2026
3. Hulda Jónasdóttir dags. 2. júlí 2026



Viðbrögð Kópavogsbæjar við athugasemdom

1. Náttúruverndarstofnun

Friðlýst svæði og grjótnargarður: Hluti framkvæmdar felst í endurröðun á grjótnargarði vegna breikkun stíga og telur Náttúruverndarstofnun mikilvægt að sett verði bindandi skilyrði í framkvæmdaleyfi um að ekki verði farið lengra út í friðlýsta fjöru Kópavogs en núverandi grjótnargarður.

Leyfi til framkvæmda innan friðlýsts svæðis: Náttúruverndarstofnun bendir á að sækja þarf um leyfi stofnunarinnar ef framkvæmdin, vinnusvæði eða aðrir verkþættir fara inn fyrir mörk friðlýst svæðis. Jafnframt telur stofnunin að setja þurfi fram á einum uppdrætti afmörkun framkvæmdasvæðis, vinnusvæðis, aðkomuleiða, þá hluta grjótnargarðs sem þarf að endurgera og afmörkun friðlýsts svæðis.

Kópavogslækur: Vegna framkvæmdar við brú sem leggja á við hlið þeirrar sem fyrir er leggur Náttúruverndarstofnun áherslu á að framkvæmdum við ósinn, fjöru og grjótvörn verði hagað þannig að rask, gruggmyndun og áhrif á lífríki verði í lágmarki. Ef vinna fer fram í eða við vatn skal tryggja að gruggugt framkvæmdavatn berist ekki óhindrað í læk eða fjöru. Meta þarf á framkvæmdastigi hvaða ráðstafanir henta best, svo sem að dæla vatni fram hjá framkvæmdasvæði, nota setvarnir eða aðrar sambærilegar lausnir eftir aðstæðum.

Hljóðveggur og fuglalíf: Vegna hljóðveggs sem reisa á telur Náttúruverndarstofnun jákvætt að gert sé ráð fyrir mótvægisáðgerðum gegn áflugi fugla en bendir á að tryggja þurfi að mynstrið verði nægilega þétt og sýnilegt fuglum. Þá skal hljóðveggur, lýsing og efnisval útfært þannig að sjónræn áhrif á vogin og friðlýsta svæðið verði sem minnst.

Fuglalíf: Vegna verndargildis svæðisins þarf að lágmarka rask, hávaða, umferð vinnuvéla og gruggmyndum við fjöru og lækjarós. Sérstaklega þarf að gæta þess að framkvæmdir og tímabundin aðstaða skerði ekki búsvæði fugla eða trufla fuglalíf á viðkvæmum tímum ársins.

Viðbragðsáætlun og vöktun: Náttúruverndarstofnun bendir á að í útboðsgögnum komi fram að verktaki skuli leggja fram öryggisáætlun sem inniheldur viðbragðsáætlun vegna slysa og óhappa. Náttúruverndarstofnun telur jafnframt mikilvægt að tryggt verði að áætlunin taki til atvika sem kunn að hafa á friðlýsta svæðið s.s. vegna gruggmyndunar, olíuleka eða rasks utan afmarkaðs framkvæmdasvæðis. Þá þarf að tryggja viðeigandi eftirlit á framkvæmdatíma og að gripið verði tafarlaust til úrbóta ef hætta er á áhrifum á fjöru, Kópavogslæk eða lífríki svæðisins.

Vinnusvæði og frágangur: Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að vinnusvæði, akstursleiðir og efnageymslur og aðstaða verktaka verði afmörkuð áður en framkvæmdir hefjast. Óheimilt er að aka innan marka friðlýstra svæða og óheimilt verði að geyma efni, jarðveg, úrgang eða vinnuvélar innan friðlýstrar fjöru. Þá þarf frágangsáætlun að liggja fyrir þar sem fram kemur hvernig raskað yfirborð verði lagfært og hvernig komið verði verður í veg fyrir ummerki um framkvæmdina verði eftir á svæðinu.

Skilyrði sem Náttúruverndarstofnun leggur til að verði sett fram í framkvæmdaleyfi:

- framkvæmdasvæði og akstursleiðir verði skýrt afmörkuð á vettvangi,
- grjótvörn færast ekki utar í friðlýsta fjöru,
- endurgerð grjótnargarðs fari fram innan núverandi rasksvæðis,



- ekki verði heimiluð akstur, efnageymsla, jarðvegslosun eða vinnuvélaumferð innan friðlýstrar fjöru,
- gripið verði til setvarna við vinnu við Kópavogslæk og fjöru,
- gegnsær hljóðveggur verði merktur með mynstri sem dregur úr áflugshættu fugla,
- lýsing verði útfærð þannig að ljósmengun að fjöru og læk verði í lágmarki,
- frágangssáætlun verði samþykkt áður en framkvæmdir hefjast,
- verði vart við ófyrirséð áhrif á friðlýsta svæðið skuli framkvæmdir stöðvaðar og haft samráð við leyfisveitanda og Náttúruverndarstofnun.

Umsögn Kópavogsbæjar

Friðlýst svæði og grjótnargarður: Kópavogsbær tekur undir þessi sjónarmið og bendir á að í gögnum framkvæmdaaðila komi skýrt fram að ekki verði farið lengra út í fjöruna en neðsti hluti í núverandi grjótnargarði vegna friðlýsingar fjörunnar.

Leyfi til framkvæmda innan friðlýsts svæðis: Náttúruverndar stofnun hefur gefið út leyfi fyrir framkvæmdum innan hins friðlýsta svæðis, Skerjafjörður, sjá fylgiskjal 1. Jafnframt hefur framkvæmdaaðili skilað inn umbeðnum uppdráttum, sjá fylgiskjal 2.

Kópavogslækur: Í útboðsgögnum er gert ráð fyrir að vatni sé dælt frá verkstað og gerðar kröfur um dælur og lagnir/slöngur skulu vera undir reglubundnu og fullnægjandi eftirliti þann tíma sem þær þurfa að vera í gangi. Kópavogsbær tekur undir að tryggja þarf að rask, gruggmyndun og áhrif á lífríki verði í lágmarki og tryggja þurfi að gruggugt framkvæmdavatn berist ekki óhindrað í læk eða fjöru, sett verður skilyrði um að gripi verði til setvarna.

Hljóðveggur og fuglalíf: Hljóðveggur er mikilvægur til þess að draga úr hávaða frá umferð á stígnum og til þess að draga úr sjónrænum áhrifum er sett fram krafa um að veggurinn sé að minnsta kosti hálf gegnsær. Kópavogsbær tekur undir að mynstrið þurfi að vera nægilega þétt til þess að það sé sýnilegt fuglum en jafnframt þurfi að huga að því að gegnsær veggur þjóni sínum tilgangi vegna áhrif á ásjúnd.

Viðbragsáætlun og vöktun: Kópavogsbær tekur undir að mikilvægt er að til staðar sé áætlun um hvernig bregðast eigi við ef upp koma atvika sem kunn að hafa áhrif á friðlýsta svæðið s.s. vegna gruggmyndunar, olíuleka eða rasks utan afmarkaðs framkvæmdasvæðis og hefur verið óskað eftir henni. Það verður sett skilyrði í framkvæmdaleyfi um að stöðva skuli framkvæmdir ef vart verði við ófyrirséð áhrif á friðlýsta svæðið og að haft verði samband við leyfisveitanda og Náttúruverndarstofnun. Birkir Rútsson deildarstjóri gatnadeildar Kópavogsbæjar fer með eftirlit með framkvæmdinni.

Vinnusvæði og frágangur: Kópavogsbær tekur undir að merkja þurfi framkvæmdasvæðið með fullnægjandi hætti áður en framkvæmdir hefjast og hefur framkvæmdaaðili fengið afnotaleyfi Vegagerðarinnar til þess að undirbúa framkvæmdir sem felst m.a. í að afmarka framkvæmdasvæðið (fylgiskjal 3). Jafnframt hefur Náttúruverndarstofnun veitt leyfi innan hins friðlýsta svæðis og setur þar fram skilyrði um að ekki megi aka í fjörunni eða geyma þar efni vegna framkvæmdarinnar, þá miðast leyfi Náttúruverndarstofnunar við að ekki sé framkvæmt á viðkvæmum tíma fyrir fuglalíf. Í útboðsgögnum eru gerðar kröfur um frágang í verklok þar sem kemur fram að jafnóðum, eftir því sem verkinu miðar áfram, skal fjarlægja vinnuvegi, fjarlægja vinnubúðir, jafna svæðið undan vinnubúðum aðlögun hæða að aðliggjandi svæðum og brottflutning efnisafganga.

Vegna tillögu að skilyrði um lýsingu þá tekur Kópavogsbær undir að þurfi lýsingu þannig að ljósmengun að fjöru og læk verði lágmarkuð. Í uppfærðum gögnum framkvæmdaaðila kemur fram að sömu lampar og nú eru við Hafnarfjarðarveg verða notaðir til þess að lýsa veginn upp og verða



staurar í sömu hæð. Varðandi stíginn þá bjóða nútíma LED-lýsing upp á betri stjórn á ljósgeislum, jafna dreifingu og mun minni ljósmengun en eldri lampar. Með réttum kúplum, linsum og halla lampanna er ljósið einungis beint niður á stíginn, sem stuðlar að öruggri lýsingu og heldur ljósmengun í lágmarki.

2. *Útivistarsamtök Kársness*

Útivistarsamtökin benda á verndargildi svæðisins fyrir fuglalíf á svæðinu og mikilvægi leirunnar fyrir fæðuöflun og líffræðilega fjölbreytni. Lýst er yfir áhyggjum af áhrifum á fuglalíf vegna breytinga á grjótnargarði og telja umsagnaraðilar að veggurinn verði lóðréttur og að það muni auka lýkur á skerðingu búsvæða, minna fæðuframboði og meiri truflun á fuglalífi, sérstaklega vaðfugla og farfugla sem reiða sig á Kópavogsleiru. Bent er á að svæðið er mikilvægt fugla svæði (IBA Important Bird Area). Þar sem að svæðið sé friðlýst vegna búsvæða fugla telja Útivistarsamtökin að leggja þurfi mat á hvernig breytingar á strandlínu, sjóvörnum eða aukinni umferð muni hafa áhrif á vistfræðilega virkni svæðisins, fæðuöflun fugla og verndargildi friðlýstra búsvæða.

Útivistarsamtökin benda á að útivistargildi svæðisins fyrir Kársnes og að leirurnar í Kópavogi gegna lykilhlutverki í að viðhalda einstöku fuglalífi á svæðinu. Telja samtökin að sífellt sé verið að ganga nær náttúrunni og hafa þurfi í huga að þegar óveruleg áhrif leggjast saman eru þau orðin að verulegum áhrifum.

Útivistarsamtökin skilja þörf fyrir tengingu hjóltreðanets, en telja eðlilegt að á viðkvæmum stað sem þessum eigi að taka tillit til náttúrunnar og að það ætti að vera ásættanlegt að á stuttum kafla þurfi hjólandi vegfarendur að hægja á sér og deila stíg með gangandi.


Benda samtökin á Heimsmarkmið 14.2 sem sett er fram í Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 „Eigi síðar en árið 2020 verði gengið vel um vistkerfi sjávar og stranda og þau vernduð á sjálfbæran hátt til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif, þar á meðal með því að grípa til aðgerða til að endurheimta og hlúa að vistkerfunum og njóta ábatans.“

Samtökin benda á að sjálfbær þróun byggir á þremur stoðum og að jafnvægi sé á milli þeirra þriggja þátta þ.e. samfélagslegra, umhverfislegra og fjárhagslegra þátta og að aukið aðgengi að vistvænum ferðamáttum styður ekki við sjálfbærni ef gengið er á viðkvæmt umhverfi.


Þá telja Útivistarsamtökin að þar sem reistir verða lóðréttir sjávargarðar og ný mannvirki sett upp við leiruna þá þarf sérstaklega að meta áhrif á fæðuöflun fugla, hvíldarsvæði fugla, fjörulíf og botndýralíf, setflutninga og þróun leirunnar til framtíðar.

Umsögn Kópavogsbæjar

Kópavogsbær bendir á að samkvæmt hönnunargögnum verður ný grjóthleðsla ekki lóðréttur veggur eins og sjá má á skjáskotum af hönnunargögnum hér fyrir neðan. Hleðslan verður aflíðandi með fláa 1 á móti 2. Við brúarstólpann verður fláin aðeins brattari eða 1 á móti 1,5. Sjá mynd 5.



Undirstöður og brúardekk



Mynd 5. Skjákot úr hönnunargögnum sem sýnir halla á grjótnarnargarði eftir framkvæmdir.

Jafnframt er bent á að ekki stendur til að færa grjótnargarðinn neðar en hann er nú þegar, eins og fram kemur í gögnum framkvæmdaaðila þá verður ekki farið lengra út í fjöruna með grjótnargarðinn en neðsti hluti í núverandi grjótnargarði vegna friðlýsingar fjörunnar og því ekki um að ræða breytingar á óröskuðu svæði. Þá er einnig bent á að Náttúruverndarstofnun hefur veitt leyfi vegna framkvæmda innan hins friðlýsta svæðis í botni Kópavogs. Er það mat



Náttúruverndarstofnunar að framkvæmdin muni hafa tímabundin neikvæð áhrif á það svæði sem framkvæmdin nær yfir. Náttúruverndarstofnun telur að sé farið eftir þeim skilyrðum sem sett eru fram í leyfinu, sé hægt að draga úr neikvæðum áhrifum á verndargildi svæðisins.

Varðandi sameiginlegan stíg gangandi og hjólandi bendir Kópavogsbær á að stígurinn sé skilgreindur stofnstígur og slíkir stígar séu alla jafna samgöngustígar í Kópavogi þ.e. aðgreindir göngu- og hjólastígar líkt og fjallað er um í Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040. Stígurinn er hluti af mikilvægri hjólaleið og búið er að breikka stíginn yfir Kópavogsháls að sunnan verðu og unnið er að breikkun stígsins yfir norðanverða Arnaneshæðina. Aðskildir göngu- og hjólastígar eru mikilvægir til að tryggja öryggi þeirra sem fara um þá, ekki síst gangandi vegfarenda. Breikkun stígsins er jafnframt mikilvæg til að efla leiðina sem samgönguhjólaleið.

Vegna ábendinga um Heimsmarkmið 14.2 um góða umgengni um vistkerfi sjávar og stranda og vernd þeirra þá bendir Kópavogsbær á að svæðið sé þegar friðlýst og við undirbúning framkvæmda var sérstakt tillit tekið til þeirra sérstöðu sem þarna ríkir. Jafnframt er bent á að framkvæmdin sé mikilvægur hluti af uppbyggingu stofnstígakerfi höfuðborgarsvæðisins og stuðla að bættum innviðum fyrir sjálfbæra ferðamáta sem eru til þess fallin að draga úr mengun á svæðinu.

Kópavogsbær bendir á að kostir þess að efla samgönguhjólreiðar eru ótvíræðir fyrir umhverfið, umferð, lýðheilsu og fleiri samfélagslega þætti. Þar sem að undirbúningur framkvæmdar og hönnun miðar að því að ekki verði farið lengra út í fjöru Kópavogs en núverandi grjóttgarður gerir ráð fyrir, framkvæmd er ekki matsskyld og að leyfi Náttúruverndarstofnunar liggur fyrir um framkvæmdir innan friðlýsta svæðisins er ekki tekið undir að stígaframkvæmdin styðji ekki við sjálfbæra þróun. Þá er um að ræða svæði sem þegar hefur verið raskað og liggur meðfram stofnbraut og stígurinn er þegar til staðar.

Þá bendir Kópavogsbær á að í undirbúning framkvæmda leitaði framkvæmdaaðili eftir áliti Skipulagsstofnunar nú HMS um hvort framkvæmdin væri háð mati á umhverfisáhrifum. Niðurstaða HMS var að framkvæmdin fellur ekki undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlaða nr. 111/2021. Kópavogsbær telur þannig ekki þörf á frekara mati á áhrifum framkvæmdarinnar en tekið hefur verið tillit til viðkvæmni svæðisins við hönnun stígsins og skipulagningu framkvæmda.

3. Hulda Jónsdóttir

Bent er á að við mat á framkvæmdum við friðlýst svæði skiptir máli að sýnt hafi verið fram á að framkvæmd raski ekki þeim náttúrugæðum og vistfræðilegu eiginleikum sem friðlýsingunni er ætlað að vernda.

Bent er á að framkvæmdir við jaðar verndarsvæða geti haft áhrif út fyrir sjálft framkvæmdasvæðið og getur það tengst breytingum á strandbrún, nýjum mannvirkjum og lýsingu og að mat á vistfræðilegum áhrifum hafi ekki farið fram.

Þá telur umsagnaraðili að ný grjóthleðsla verði lóðrétt og bendir á að hún muni breyta ásýnd og gerð strandbrúnarinnar ásamt hljóðvegg og lýsingu með fram stígunum. Telur umsagnaraðili að vinna þurfi heildstætt mat á áhrifum þessara framkvæmdaþátta á lífríki.

Umsagnaraðili telur að í ljósi verndargildis Kópavogsleira þurfi að gera ríkar kröfur til þess að áhrif framkvæmdarinnar byggist á vistfræðilegum gögnum og einkum verði fjallað um jaðaráhrif framkvæmdarinnar, samanlögð áhrif, áhrif lýsingar og breytinga á strandbrún og að raunhæfir valkostir verði bornir saman. Jafnframt verði horft til þess að meta áhrif af endurteknum framkvæmdum.



Þá telur umsagnaraðili að tryggja þurfi að uppbygging samgangna og vernd náttúru fari saman og að ákvarðanir endurspegli bæði þessi markmið. Jafnframt er bent á sérstöðu svæðisins fyrir sveitarfélagið.

Umsögn Kópavogsbæjar

Kópavogsbær bendir á að við undirbúning framkvæmda leitað framkvæmdaaðili eftir áliti Skipulagsstofnunar nú HMS um hvort framkvæmdin væri háð mati á umhverfisáhrifum. Niðurstaða HMS var að framkvæmdin fellur ekki undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og því ekki háð umhverfismati framkvæmda. Kópavogsbær telur þannig ekki þörf á frekara mati á áhrifum framkvæmdarinnar en tekið hefur verið tillit til viðkvæmni svæðisins við hönnun stígsins og skipulagningu framkvæmda. Framkvæmdin er á jaðri friðlýsts svæðis og hefur Náttúruverndarstofnun gefið út leyfi fyrir framkvæmdum innan friðlýsts svæðis og er það mat stofnunarinnar að framkvæmdin muni hafa tímabundin neikvæð áhrif á það svæði sem framkvæmdin nær yfir. Náttúruverndarstofnun telur að sé farið eftir þeim skilyrðum sem sett eru fram í leyfinu, sé hægt að draga úr neikvæðum áhrifum á verndargildi svæðisins.

Kópavogsbær bendir á að samkvæmt hönnunargögnum verður ný grjóthleðsla ekki lóðréttur veggur eins og sjá má á mynd 1 hér að ofan. Hleðslan verður aflíðandi með fláa 1 á móti 2. Við brúarstólpann verður fláin aðeins brattari eða 1 á móti 1,5. Varðandi hljóðvegg þá er kveðið á um það í hönnunargögnum að hann skuli vera gegnsær eða a.m.k. helmingur veggflatar skuli vera gegnsær. Er það gert til að draga úr áhrifum á ásýnd svæðisins að auki er gerð krafa um að mynstur verði á gegnsæjum hluta til þess að auka sýnileika fyrir fugla. Þá bendir Kópavogsbær á að í uppfærðum gögnum framkvæmdaaðila kemur fram að sömu lampar og nú eru við Hafnarfjarðarveg verða notaðir til þess að lýsa veginn upp og verða staurar í sömu hæð. Varðandi lýsingu við stíginn þá verður LED-lýsing sem býður upp á betri stjórn á ljósgeislum, jafna dreifingu og mun minni ljósmengun en eldri lampar. Með réttum kúplum, linsum og halla lampanna er ljósið einungis beint niður á stíginn, sem stuðlar að öruggri lýsingu og heldur ljósmengun í lágmarki.

Niðurstaða umsagnar

Er það mat skipulagsdeildar að framkvæmdin sé í samræmi við stefnu og ákvæði í Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 um uppbyggingu göngu- og hjólatenginga og skilgreiningu á stofnstígum.

Framkvæmdasvæðið liggur á mörkum friðlýsts svæðis og hefur Náttúruverndarstofnun veitt leyfi til framkvæmda innan friðlýsts svæðis. Jafnframt hefur Náttúruverndarstofnun gefið umsögn vegna nálægðar við friðlýst svæði á grundvelli 54. gr. laga um náttúruvernd þar sem sett eru fram tillögur að skilyrðum í framkvæmdaleyfis og tilgreind eru hér að ofan.

Þá telur Skipulagsstofnun (nú HMS) að framkvæmdin falli ekki undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Ekki er gerð athugasemd við að gefið verði út framkvæmdaleyfi með eftirfarandi skilyrðum:

- framkvæmdasvæði og akstursleiðir verði skýrt afmörkuð á vettvangi,
- grjótvörn færast ekki utar í friðlýsta fjöru,
- endurgerð grjótvagnar fari fram innan núverandi rasksvæðis,
- ekki verði heimiluð akstur, efnageymsla, jarðvegslosun eða vinnuvélaumferð innan friðlýstrar fjöru,
- gripið verði til setvarna við vinnu við Kópavogslæk og fjöru,
- gegnsær hljóðveggur verði merktur með mynstri sem dregur úr áflugshættu fugla,
- lýsing verði útfærð þannig að ljósmengun að fjöru og læk verði í lágmarki,
- frágangsaætlun verði samþykkt áður en framkvæmdir hefjast,



- verði vart við ófyrirséð áhrif á friðlýsta svæðið skuli framkvæmdir stöðvaðar og haft samráð við leyfisveitanda og Náttúruverndarstofnun.
- Virða skal allar reglur og leiðbeiningar um vinnutíma, merkingar, hávaða og rask við svæðið þannig að framkvæmdin valdi sem minnstu raski eins og mögulegt er.
- Einnig skal tryggja að vinnusvæði sé snyrtilegt og tryggja þar sem um er að ræða bæjarland við fyrirhugaða framkvæmd, t.d. þá með því að setja upp girðingar, merkingar, tæki o.fl. og skal framkvæmdaleyfishafi afla afnotaleyfis hjá umhverfissviði Kópavogsbæjar.
- Jafnframt er farið fram á að gengið verði snyrtilega frá svæðinu að framkvæmdum loknum, sem og ef framkvæmdir stoppast yfir lengri tíma í miðju verki.

Framkvæmdatíma skal lokið innan tilgreinds tíma og er minnt á að framkvæmdaleyfið fellur úr gildi hafi framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá útgáfu þess, sbr. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi.

f.h. skipulagsfulltrúa

Ester Anna Ármannsdóttir
verkefnastjóri

Yfirlit yfir fylgiskjöl

1. Leyfi til framkvæmda búsvæðaverndarsvæði Skerfjarfjörður í Kópavogi. (Náttúruverndarstofnun).
2. Yfirlitsmynd fyrir Náttúruverndarstofnun.
3. Afnotaleyfi vegna vinnu á vegsvæði, Hafnarfjarðarvegur (40-02,03) Betri samgöngur.

